

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík



Reykjavík 24. júní 2016
UST201606-102/B.S.
10.05.08


Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi – Geitdalsárvirkjun. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 7. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Fram kemur í umsókn Arctic Hydro áætlað sé að lengd þrýstipípu verði 7,3 km. Ekki kemur fram í umsókn möguleg stærð lóna og stærð og gerð stífla.

Í ljósi þess hversu stórt framkvæmdasvæði virkjunarinnar getur mögulega orðið telur Umhverfisstofnun að skipta eigi rannsóknarleyfinu í tvennt þannig að á fyrri hluta rannsóknartímans fari fram landmælingar og aðrar rannsóknir á náttúrufari og dýralífi sem ekki fela í sér jarðrask. Þegar möguleg framkvæmdasvæði hafa verið skilgreind nánar gætu ítarlegri rannsóknir með tilheyrandi sýnatökum og jarðvegkönnunum farið fram. Áður en að síðari hluta rannsókna kemur telur Umhverfisstofnun að gera eigi grein fyrir aðkomu stórvirkra vinnuvéla að svæðinu og frágangi að jarðvegsrannsóknum loknum.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Abalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri